



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, hér eftir nefnt velferðarsvið kt. 530269-7609, Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík og Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, hér eftir nefnt Blindrafélagið kt. 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík gera með sér eftirfarandi:

## Þjónustusamningur

um að Blindrafélagið, taki að sér að reka ferðaðþjónustu fyrir Reykvíkingsa sem eru greindir lögblindir af Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskertra og daufblinda einstaklinga og geta ekki nýtt sér almenningsamgöngur vegna fötlunar sinnar.<sup>1</sup>

### 1. gr.

#### Grundvöllur og hlutverkaskipan

Samningur þessi fjallar um ferðaðþjónustu við blinda Reykvíkingsa. Samningurinn byggir á 1. gr. og 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum, 20. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um ferðaðþjónustu við fatlað fólk gefnum út af velferðarráðuneytinu og reglum um ferðaðþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík sem samþykktar voru á fundi velferðaráðs þann 4. desember 2014 og á fundi borgarráðs þann 11. desember 2014.

Velferðarsvið tekur að sér að niðurgreiða ferðakostnað einstaklinga sem eru greindir blindir skv. 3. gr. laga nr. 160/2008 um Þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, eru með lögheimili í Reykjavík og ófærir um að nýta sér almenningsamgöngur vegna fötlunar sinnar, í samræmi við ákvæði þessa samnings.

Í samræmi við ákvæði samnings þessa tekur Blindrafélagið að sér að veita ferðaðþjónustu til einstaklinga með lögheimili í Reykjavík sem eru blindir og geta ekki nýtt sér almenningsamgöngur vegna fötlunar sinnar. Tilgangurinn er að gera þeim kleift að leggja stund á nám, vinnu, sækja heilbrigðisþjónustu, hæfingu og endurhæfingu og taka þátt í tómstundum.

Notendur ferðaðþjónustu Blindrafélagsins eiga ekki rétt á að nota jafnframt ferðaðþjónustu

<sup>1</sup> Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskertra og daufblinda einstaklinga notar skilgreiningu um lögblindu sem byggir á viðmiðum Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) um sjónskerðingu og blindu. Miðað er við að sjónskerpa mælist verri en 6/60 með bestu gleraugum og sjónsvið innan við 20 gráður. Í áratugi hefur það verið vinnuregla á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum og í Norður-Ameríku að notast við þær reglur sem Alþjóða heilbrigðisstofnunin gefur út.



fatlaðs fólks í Reykjavík. Afsali notandi sér rétti til notkunar á ferðapjónustu Blindrafélagsins á hann skilyrðislausan aðgang að ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík án tafar.

Til ferðapjónustu samkvæmt samningi þessum notar Blindrafélagið leigubifreiðar frá bifreiðastöðvum, sem best kjör bjóða hverju sinni.

Leigubifreiðarnar skulu uppfylla þær kröfur sem fram koma í gildandi lögum og reglugerðum hvað varðar farþegaflutninga og/eða leigubifreiðaaakstur.

Blindrafélagið skal setja skilyrði um að þeir ökumenn sem annast akstur á grundvelli samnings þessa hafi ekki hlotið refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi ökumaður gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns.

## 2. gr.

### Þjónustusvæði

Þjónustusvæði ferðapjónustu samkvæmt samningi þessum er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

## 3. gr.

### Umsóknir um ferðapjónustu

Nýir umsækjendur skulu sækja um ferðapjónustu fatlaðs fólks til þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar í hverfi umsækjanda sem fjallar um umsókn umsækjanda og ákveður fjölda ferða í samræmi við reglur um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík.<sup>2</sup> Umsókn um ferðapjónustu fatlaðs fólks skal senda til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi umsækjanda, sem tekur ákvörðun um veitingu ferðapjónustu. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Þjónustumiðstöðvum er heimilt að óska eftir læknisvottorði þegar þörf er á nánari upplýsingum um fötlun umsækjanda. Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

Gildistími samþykktar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins. Umsækjanda ber að upplýsa þjónustumiðstöð um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er þjónustumiðstöð heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir ferðapjónustu.

Notendur sem eiga samþykktar umsókn um ferðapjónustu með ferðapjónustu Blindrafélagsins sem samþykkt var af Blindrafélaginu, á grundvelli eldri samnings á milli velferðarsviðs og Blindrafélagsins, þurfa ekki að sækja um að nýju hjá þjónustumiðstöð nema þjónustubörf þeirra breytist.

<sup>2</sup> Í 5. gr. reglna um ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík sem samþykktar voru í velferðarráði 4. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014 er fjallað um rétt til þjónustu. Ákvæðið er svohljóðandi: „Ferðir til vinnu, skóla, lækninga og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.“<sup>3</sup> Fjöldi ferða í heild, þ.e. til vinnu, skóla, lækninga, hæfingar og einkaerinda skal ekki fara yfir 60 ferðir á mánuði. Þjónustumiðstöðvum er þó heimilt að veita fleiri ferðir til þeirra notenda sem eru, auk þess að stunda vinnu eða skóla, í mikilli virkni, s.s. íþróttum eða skipulögðu félagsstarfi. Um er að ræða að hámarki 20 ferðir og getur því hámark ferða aldrei verið hærra en 80 ferðir á mánuði. Notandi skal greiða hærra gjald fyrir ferðir umfram 60 á mánuði samkvæmt gjaldskrá“



Blindrafélagið skal gera sérstakan samning við hvern notanda um þjónustuna (sbr. fylgiskjal 2 með samningi þessum). Blindrafélaginu er aðeins heimilt að gera samning við þá sem hafa fengið samþykki fyrir ferðaþjónustu fatlaðs fólks á þjónustumiðstöð og falla undir 1. gr. samnings þessa.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan þjónustusvæðis.

#### **4. gr. Skráning ferða**

Blindrafélagið leggur til rafræn kort fyrir hvern notanda til notkunar í leigubifreiðunum og/eða sérstök reikningseyðublöð í samráði við velferðarsvið sem nota skal af bílstjóra til að skrá hverja ferð.

Í skráningunni skal koma fram dagsetning og tími ferðar, með hvern er ekið og hvert, erindi notanda þ.e. hvort um er að ræða vinnu/nám, heilbrigðisþjónustu eða einkaerindi.

Þegar notendur ferðaþjónustu fatlaðs fólks dvelja tímabundið utan þjónustusvæðis ferðaþjónustunnar og óska eftir ferðaþjónustu þar sem þeir eru staddir, er það heimilt ef fyrirliggjandi er samþykki frá þjónustumiðstöð velferðarsviðs. Samþykkt skal vera tímabundin, að hámarki í þrjá mánuði.

#### **5. gr. Tímamörk niðurgreiðslu**

Ferðir sem farnar eru utan tímabilsins frá kl 07:00 - 24:00 eru ekki niðurgreiddar af velferðarsviði og skal notandi greiða þær að fullu.

#### **6. gr. Kostnaðarhlutdeild notenda.**

Blindrafélagið innheimtir af notendum þá kostnaðarhlutdeild sem í þeirra hlut kemur fyrir ferðaþjónustuna. Grunnkostnaðarhlutdeild notanda skal fylgja staðgreiðslufargjaldi fullorðinna hjá Strætó bs. eins og það er hverju sinni. Við útreikning á kostnaðarþátttöku notanda skal notast við kostnaðarþrep og skal fyrsta þrep vera: startgjald + 25 km á dagtaxta (1. mars 2015: 660 kr. + (2km x 328kr.)+(23km x 205kr) = 6031 kr.) samkvæmt gjaldskrá leigubílastöðvar sem veitir þjónustuna á hverjum tíma. Annað kostnaðarþrep skal vera 2000 kr. hærra en það fyrsta, þriðja kostnaðarþrep 2000 kr. hærra en annað og svo koll af kolli. Kostnaðarhlutdeild notenda hækkar um sem nemur einu staðgreiðslufargjaldi Strætó fyrir hvert kostnaðarþrep.

Dæmi:

Kostnaður ferðar: 2500 kr. kostnaðarhlutdeild notenda: 400 kr.

Kostnaður ferðar 3500 kr. kostnaðarhlutdeild notenda: 400 kr.

Kostnaður ferðar: 5055 kr. kostnaðarhlutdeild notenda: 400 kr.

Kostnaður ferðar 6050 kr. kostnaðarhlutdeild notenda: 800 kr.

Kostnaður ferðar: 8050 kr. kostnaðarhlutdeild notenda: 1200 kr.

Kostnaðarhlutdeild notenda skal breytast sjálfkrafa í samræmi við breytingar á fargjöldum

Strætó bs. og gjaldskrá leigubílastöðvar.

Velferðarsvið tekur ekki þátt í niðurgreiðslu fyrir ferðir notanda utan þjónustusvæðis eða utan tímabilsins frá kl 07:00 - 24:00 og skal Blindrafélagið innheimta allan kostnað vegna slíkra ferða af notanda.

Notendur skulu gefa Blindrafélaginu upplýsingar um fastar ferðir t.d. vegna vinnu, skóla eða hæfingar til að Blindrafélagið geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða. Notendur skulu leitast við að samnýta ferðir eins og kostur er, s.s. í tengslum við félagsstarf Blindrafélagsins. Þá er greitt eitt gjald fyrir hverja ferð.

#### **7. gr.**

#### **Kostnaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar greiðir kostnað vegna ferðaþjónustunnar í samræmi við ákvæði samnings þessa, að frádreginni kostnaðarhlutdeild notenda, eins og hún er á hverjum tíma, og afslætti leigubílfreiðastöðvar. Reikningar frá Blindrafélaginu til velferðarsviðs skulu vera á rafrænu formi.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skal greiða umsýslu og þjónustugjald til Blindrafélagsins sbr. ákvæði 3. mgr. 8.gr. samnings þessa.

#### **8. gr.**

#### **Umsjón, eftirlit og uppgjör**

Blindrafélagið annast samningagerð við notendur þjónustunnar. Samningarnir skulu vera í samræmi við ákvörðun þjónustumiðstöðvar, ákvæði samnings þessa og reglna um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík. Jafnframt skal félagið kynna notendum þau atriði samnings þessa, sem að þeim snúa. Blindrafélagið hefur alla umsjón með þjónustunni svo og eftirlit með henni.

Þá annast Blindrafélagið útreikning kostnaðar, innheimtu kostnaðarhlutdeildar notenda og ber ábyrgð á öllum greiðslum notenda.

Blindrafélaginu reiknast þjónustugjald sem nemur 25% af fargjaldi Strætó bs. fyrir hverja ferð sem farin er á vegum þjónustunnar. Þjónustugjald þetta ber velferðarsviði að greiða félaginu við mánaðarlegt uppgjör.

Mánaðarlega skal Blindrafélagið skila fjármálaskrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar yfirliti um ferðaþjónustu þá er samningur þessi fjallar um, ferðafjölda, heildarkostnað, afslátt og hlutdeild farþega. Í yfirliti þessu skal glögglega skilið á milli ferða notenda sem Reykjavíkurborg tekur þátt í að greiða samkvæmt ákvæðum samnings þessa og þeirra ferða sem notendum ber að greiða að fullu.

Blindrafélaginu er skylt að veita velferðarsviði og/eða aðila sem velferðarsvið tilnefnir, aðgang að öllum gögnum og bókhaldi varðandi ferðaþjónustuna, hvenær sem velferðarsvið óskar eftir.



**9.gr.  
Fræðsla**

Blindrafélagið skal reglulega standa fyrir námskeiðum fyrir þá bílstjóra sem starfa við ferðaþjónustuna. Markmið námskeiðanna skal vera að auka skilning og hæfni bílstjóranna hvað þjónustuna varðar svo að þeir verði betur í stakk búnir til að veita fyrsta flokks þjónustu við að sinna blindum notendum hennar.

**10. gr.  
Heimildir til ákvarðana samkvæmt samningi þessum**

Starfsmenn Blindrafélagsins taka ákvarðanir samkvæmt samningi þessum í umboði velferðarsviðs.

Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til Blindrafélagsins sem síðan kemur þeim áleiðist til velferðarsviðs.

**11. gr.  
Ferðaþjónusta veitt öðrum en blindum**

Blindrafélaginu er heimilt að veita ferðaþjónustu til fatlaðra einstaklinga sem ekki falla að skilgreiningu á notendum samkvæmt samningi þessum á grundvelli sérstaks samnings sem gerður verður milli Blindrafélagsins og velferðarsviðs þar að lútandi.

**12. gr.  
Þagnarskylda**

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái þar ekki aðgang. Blindrafélagið er bundið þagnarskyldu um málefni einstaklinga og helst þagnarskyldan þó svo að þjónustusamningi milli aðila ljúki.

**13.gr.  
Vanefndir og riftun**

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu velferðarsvið og Blindrafélagið leitast við að jafna ágreining sinn.

Ef um verulegar vanefndir á efni samnings þessa er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr. Lögmæt sjónarmið skulu ávallt vera skilyrði riftunar samningsaðila á samningi þessum.

**14.gr.  
Ágreiningsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**15. gr.  
Framsal samnings til þriðja aðila**

Samningsaðilum er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

**16. gr.**  
**Breytingar á samningi**

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi.

**17. gr.**  
**Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 1. mars 2015. Samningurinn er tímabundinn og gildir til 31. mars 2017. Aðilar skulu koma saman þremur mánuðum áður en samningur þessi rennur út og taka ákvörðun um framhald hans.


Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík 20. mars 2015

F.h. Blindrafélagsins



F.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar



Fylgiskjöl:

1. Reglur um ferðþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík samþykktar í velferðarráði 4. desember 2014 og í borgarráði 11. desember 2014
2. Samningeyðublað: Notendasamningur milli Blindrafélagsins og notenda.



## Notendasamningur

Númer \_\_\_\_\_

Kt. \_\_\_\_\_

Ferðapjónusta Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík, hér eftir nefnd FB og

hér eftir í samningi þessum notandi, gera með sér svofelldan samning:

### **1. grein**

Á grundvelli þjónustusamnings milli Blindrafélagsins og velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, um ferðapjónustu við lögblinda íbúa Reykjavíkur, þá tekur FB að sér að annast ferðapjónustu við notanda frá og með undirritun samnings þessa. Notanda er heimilt, meðan samningur þessi er í gildi, að panta leigubifreið frá Hreyfli og skrifa akstur á reikning FB. Notandi getur nýtt rétt þennan við akstur til og frá vinnu, skóla, heilsugæslu og einkaerinda í hverjum mánuði í samræmi við samþykkt um fjölda ferða frá þjónustumiðstöð velferðarsviðs.

Notandi skal panta akstur í ferðapjónustunni hjá stjórnstöð Hreyfils í símanúmerið 588 5522 og tilgreina að pöntunin sé vegna FB.

### **2. grein**

Þjónustusvæði ferðapjónustu samkvæmt samningi þessum er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

### **3. grein**

Grunnkostnaðarhlutdeild notanda skal fylgja staðgreiðslufargjaldi fullorðinna hjá Strætó eins og það er hverju sinni. Við útreikning á kostnaðarpátttöku notanda skal notast við kostnaðarþrep og skal fyrsta þrep vera: startgjald + 25 km á dagtaxta (*1. mars 2015: 660 kr. + (2km x 328kr.)+(23km x 205kr) = 6031 kr.*) samkvæmt gjaldskrá leigubílastöðvar sem veitir þjónustuna á hverjum tíma. Annað kostnaðarþrep skal vera 2000 kr. hærra en það fyrsta, þriðja kostnaðarþrep 2000 kr. hærra en annað og svo koll af kolli. Kostnaðarhlutdeild notanda hækkar um sem nemur einu staðgreiðslufargjaldi Strætó fyrir hvert kostnaðarþrep.

Dæmi:

Kostnaður ferðar: 2500 kr. kostnaðarhlutdeild notanda: 400 kr.

Kostnaður ferðar 3500 kr. kostnaðarhlutdeild notanda: 400 kr.

Kostnaður ferðar: 5055 kr. kostnaðarhlutdeild notanda: 400 kr.

Kostnaður ferðar 6050 kr. kostnaðarhlutdeild notanda: 800 kr.

Kostnaður ferðar: 8050 kr. kostnaðarhlutdeild notenda: 1200 kr.

Kostnaðarhlutdeild notenda breytist sjálfkrafa í samræmi við breytingar á fargjöldum Strætó og gjaldskrá leigubílastöðvar.

Tímamörk á niðurgreiðslu þjónustunnar að hálfu Reykjavíkurborgar er frá kl. 07:00 til kl. 24:00 alla daga vikunnar.

#### **4. grein**

Notandi skrifar hverja ferð á reikning FB hjá Hreyfli/Bæjarleiðum. Í skráningunni skal koma fram dagsetning og tími ferðar, með hvern er ekið og hvert, erindi notenda þ.e. hvort um er að ræða vinnu/nám, heilbrigðisþjónustu eða einkaerindi.

Notandi þarf að framvísa rafrænu greiðslukorti frá Hreyfli/Bæjarleiðum um rétt þeirra til þjónustunnar.

Ferð er skilgreind sem akstur frá A til B innan þjónustusvæðis.

#### **5. grein**

Kostnaðarpátttaka notanda er innheimt mánaðarlega og áskilur FB sér rétt til að óska eftir tryggingum frá notanda sem og að loka á þjónustuna komi til vanskila.

#### **6. grein**

Notandi skal leitast við að nota aðeins þjónustuna þegar aðrar leiðir eru ekki færar. Þá skal hann leitast við að samnýta ferðir með öðrum notendum þegar því verður við komið s.s. í tengslum við félagsstarf Blindrafélagsins.

#### **7. grein**

Við undirritun samnings þessa heimilar notandi FB Blindrafélaginu að tilkynna velferðarsviði að hann óski ekki lengur ferðapjónustu fatlaðs fólks. Sé samningi þessum sagt upp fær notandinn tafarlaust aðgang að Ferðapjónustu fatlaðs fólks á ný.

#### **8. grein**

Samningur þessi gildir frá undirritun hans. Báðir samningsaðilar geta sagt honum upp skriflega og tekur uppsögnin gildi einum virkum degi síðar.

#### **9. grein**

Notanda er heimilt að skrifa ferðir utan skilgreindra tímamarka í 1 gr. á FB og greiðir þá ferðina að fullu að frádregnum umsömdu afslætti bifreiðastöðvarinnar.

#### **10. grein**

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Rísi mál vegna samnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



## Reglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík

### 1. gr. Notendur þjónustunnar

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks þjónar þeim íbúum Reykjavíkurborgar sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar sinnar.

Umsækjandi um ferðaþjónustu samkvæmt reglum þessum skal uppfylla eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða:

- a) Er hreyfihamlaður og þarf að nota hjólastól. Miðað er við að hreyfihömlun hafi varað í þrjá mánuði eða lengur eða um varanlega hreyfihömlun sé að ræða.
- b) Er blindur.
- c) Er ófær um að nota almenningsfarartæki vegna annarrar langvarandi fötlunar.

Skilyrði fyrir veitingu ferðaþjónustu samkvæmt reglum þessum er að fötlun umsækjanda falli að skilgreiningu 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum<sup>1</sup> og að umsækjandi eigi ekki rétt á niðurgreiddri akstursþjónustu frá öðrum aðilum eða rétt á akstri samkvæmt öðrum lögum, reglugerðum eða reglum.

Þeir umsækjendur sem hafa fengið styrk til bifreiðakaupa frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem njóta bensínstyrks skulu ekki njóta réttar til ferðaþjónustu samkvæmt reglum þessum. Þó er heimilt að veita undanþágu frá framangreindu skilyrði vegna sérstakra aðstæðna s.s. færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem þeir hafa til umráða.

Reglur þessar taka ekki til þeirra sem eru eldri en 67 ára. Hafí einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og notað ferðaþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann rétt á því áfram á meðan þörf krefur.

### 2. gr. Ferðaþjónusta fyrir fötluð börn

Forráðamenn barna geta sótt um akstur samkvæmt reglum þessum fyrir börn vegna tómsstunda, læknisferða, sjúkraþjálfunar eða til að rjúfa félagslega einangrun. Börn yngri en sex ára skulu ávallt vera í fylgd fullorðins einstaklings þegar þau ferðast með ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Þurfi barn bílstól er það á ábyrgð forráðamanna að útvega hann.

<sup>1</sup> 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks er svohljóðandi: „[Einstaklingur á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sé hann með andlega eða líkamlega fötlun og þarfnist sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum.]<sup>1)</sup> Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum.“

Reglur þessar taka ekki til skólaaksturs barna í grunnskóla. Með skólaakstri er átt við allan akstur á skólatíma, þ.m.t. á þeim tíma sem barn dvelst í lengdri viðveru á vegum skólans.

### **3. gr. Umsóknir og gildistími**

Skilyrði er að umsækjandi um ferðþjónustu samkvæmt reglum þessum eigi lögheimili í Reykjavík.

Umsókn um ferðþjónustu fatlaðs fólks skal senda til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar í hverfi umsækjanda. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Umsókn um undanþágu frá 4. mgr. 1. gr. vegna sérstakra aðstæðna s.s. færðar, tímabundinna veikinda eða bilunar á bifreið sem notandi hefur til umráða skal senda til þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur í hverfi umsækjanda. Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um fyrir sína hönd.

Þjónustumiðstöðvum er heimilt að óska eftir læknisvottorði þegar þörf er á nánari upplýsingum um fötlun umsækjanda.

Umsókn skal metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna og/eða aðra ferðamöguleika.

Gildistími samþykktar umsóknar skal taka mið af þörf hvers og eins.

Umsækjanda ber að upplýsa þjónustumiðstöð um breytingar á högum sínum. Ef um er að ræða verulegar breytingar á högum umsóknaraðila eftir að umsókn hefur verið samþykkt er þjónustumiðstöð heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis fyrir ferðþjónustu.

### **4. gr. Þjónustutími**

Þjónustutími ferðþjónustu fatlaðs fólks miðast við þjónustutíma almenningsvagna Strætó bs.

Akstur á stórhátíðardögum er með sama hætti og á sunnudögum.

Miðað er við að ferðir hefjist innan þjónustutíma.

### **5. gr. Réttur til þjónustu**

Ferðir til vinnu, skóla, lækninga og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Viðmið um ferðafjölda skulu taka mið af þörfum hvers og eins.



Fjöldi ferða í heild, þ.e. til vinnu, skóla, lækninga, hæfingar og einkaerinda skal ekki fara yfir 60 ferðir á mánuði.

Þjónustumiðstöðvum er þó heimilt að veita fleiri ferðir til þeirra notenda sem eru, auk þess að stunda vinnu eða skóla, í mikilli virkni, s.s. íþróttum eða skipulögðu félagsstarfi. Um er að ræða að hámarki 20 ferðir og getur því hámark ferða aldrei verið hærra en 80 ferðir á mánuði. Notandi skal greiða hærra gjald fyrir ferðir umfram 60 á mánuði samkvæmt gjaldskrá.

## **6. gr. Pantanir/afpantanir**

Notendur skrá pantanir á netinu eða í gegnum síma þjónustuvers Strætó bs. Tekið er á móti pöntunum alla daga á opnunartíma þjónustuvers. Eigi er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu til einstaklinga nema pantað sé með a.m.k. tveggja klukkustunda fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við pöntunum eins fljótt og auðið er.

Notendur skulu gefa upplýsingar um fastar ferðir vegna t.d. vinnu, skóla eða hæfingar til að þjónustuaðilar geti leitað hagræðis við skipulagningu ferða.

Eigi er unnt að tryggja að unnt sé að veita þjónustu vegna hópferða nema þær séu pantaðar með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara. Hópur telst vera fjórir einstaklingar eða fleiri en hver einstaklingur greiðir eftir sem áður fyrir sig.

Afpöntun reglubundinna ferða skal vera með sem lengstum fyrirvara, helst deginum áður, en í undantekningartilvikum með tveggja klukkustunda fyrirvara fyrir áætlaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

## **7. gr. Tilhögun ferða**

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá A til B innan höfuðborgarsvæðisins.

Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Biðtími fyrir notendur skal að jafnaði ekki fara yfir tíu mínútur frá umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notanda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn.

Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu.

Miða skal við að ferðatími milli staða sé svipaður og hjá almenningsvögnum.

Ferðatími notanda skal ekki vera lengri en 60 mínútur í senn. Notendur þurfa þó að vera viðbúnir töfum eða breytingum á áætlun, s.s. vegna færðar og umferðartafa á annatímum.

Ferðaþjónustan er sérhæfð þjónusta og byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna sendiferðum fyrir notendur. Notanda sem ekið er til læknis er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi það ekki verið vítað fyrirfram hve viðtalið tæki langan tíma.

#### **8. gr.**

#### **Tímabundið samþykki**

Þegar notendur ferðapjónustu fatlaðs fólks dvelja tímabundið utan þjónustusvæðis ferðapjónustunnar og óska eftir ferðapjónustu þar sem þeir eru staddir, er það heimilt ef fyrirbyggjandi er samþykkt frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar um ferðapjónustu. Samþykkt skal vera tímabundin, að hámarki í þrjá mánuði.

Íbúar annarra sveitarfélaga en Reykjavíkurborgar sem óska eftir ferðapjónustu fatlaðs fólks í Reykjavík vegna tímabundinnar dvalar þar geta sótt um að fá ferðapjónustu fatlaðs fólks á þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar að því tilskyldu að þeir hafi samþykkt fyrir henni í lögheimilissveitarfélagi og viðkomandi sveitarfélag greiði kostnað við ferðir.

#### **9. gr.**

#### **Aðrir farþegar og aðstoðarmenn**

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann.

Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Fyrir fylgdarmann fatlaðs barns sem er yngri en sex ára er ekki greitt fargjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati þjónustumiðstöðvar skal aðstoðarmaður fylgja honum. Fyrir aðstoðarmenn er ekki greitt fargjald.

#### **10. gr.**

#### **Gjald og þjónustusvæði**

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við gjaldskrá Velferðarsviðs um ferðapjónustu fatlaðs fólks.

Þjónustusvæði ferðapjónustunnar er Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes og Mosfellsbær.

#### **11. gr.**

#### **Öryggi**

Ökutæki, ökumenn og aðrir starfsmenn sem koma að ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu uppfylla ákvæði gildandi laga og reglugerða um starfsemina auk þess sem hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög um ferðapjónustu fyrir fatlað fólk frá 24. janúar 2012.



Ökumaður sem sinnir ferðþjónustu fatlaðs fólks skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla.

Ökumaður skal jafnframt reglulega sitja námskeið um þjónustu við fatlað fólk með það að markmiði að vera vel undirbúinn fyrir það verkefni að sinna ólíkum notendum og til að auka skilning og hæfni hans í þjónustunni.

Óheimilt er að ráða starfsmann til aksturs eða annarrar ferðþjónustu sem hlotið hefur refsisdóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi umsækjandi gerst sekur um brot á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og/eða umferðarlögum nr. 50/1987, með síðari breytingum, skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi ökumanns.

Við ráðningu ökumanns skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild veitt af hans hálfu til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

#### **12. gr. Samráð**

Fulltrúar samráðshóps félagsmálastjóra sveitarfélaga sem tilheyra þjónustusvæði ferðþjónustunnar þ.e. Hafnarfirði, Garðabær, Kópavogi, Reykjavík, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ auk Strætó bs., fulltrúar hagsmunaaðila og verktakar skipa þjónustuhóp til að fylgjast með framkvæmd akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustuhópurinn skal hittast á fjögurra mánaða fresti til að fara yfr framvindu þjónustunnar, árangur og hvað betur megi fara.

#### **13. gr. Málsmeðferð**

Um málsmeðferð fer samkvæmt XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

#### **14. gr. Upplýsingaöflun og samvinna**

Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist. Öflun gagna og upplýsinga fer fram í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmann hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

### **15. gr.**

#### **Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum**

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti.

Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Ökumenn og aðrir starfsmenn ferðapjónustu fatlaðs fólks skulu skrifa undir yfirlýsingu um trúnað. Trúnaðarskylda helst þó að látið sé af starfi.

### **16. gr.**

#### **Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum**

Starfsmenn þjónustumiðstöðva taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Ábendingum notenda varðandi þjónustuna skal beina til viðkomandi þjónustumiðstöðvar.

### **17. gr.**

#### **Niðurstaða og rökstuðningur synjunar**

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til að fara fram á að velferðarráð Reykjavíkurborgar fjalli um ákvörðunina. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til velferðarráðs Reykjavíkurborgar frá því að honum barst vitneskja um ákvörðunina. Velferðarráð Reykjavíkurborgar skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar er kynnt umsækjanda skriflega og um leið er honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

### **18. gr.**

#### **Málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs Reykjavíkurborgar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef hún hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.



**19. gr.  
Gildistaka**

Reglur þessar eru settar á grundvelli 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks og taka gildi 1. janúar 2015.

